raðauglýsingar — raðauglýsingar — raðauglýsingar

bílar

Til sölu

Benz árg. '61, 34 manna bíll í góðu ásigkomulagi. Framdrif fylgir. Uppl. í síma 97-4217, 92-4250.

óskast keypt

Land óskast

Óska eftir landi til túnþökuskurðar, gegn góðri greiðslu.

Egill G. Jónsson, sími 72525

veiði

Laxveiðimenn

Til sölu eru nokkur veiðileyfi í Haukadalsá efri, Haukadal, Dalasýslu, í júlí og ágúst. Allar nánari upplýsingar í síma 25127.

nauðungaruppboð

Nauðungaruppboð sem auglýst var í 62., 63. og 64. tölublaði Lögbirtingarblaðsins 1975, á Kársnesbraut 79, —hluta—, þinglýstri eign Indriða Indriðasonar, fer fram á eigninni sjálfri miðvikudaginn 30. júní 1976 kl. 11.

Bæjarfógetinn í Kópavogi.

ÞARFTU AÐ KAUPA?
ÆTLARÐU AÐ SELJA?
ÞÚ AUGLÝSIR UM ALLT LAND ÞEGAR ÞÚ AUGLÝSIR Í MORGUNBLAÐINU

Morgunblaðið

Vinsamlega birtið eftirfarandi smáauglýsingu í Morgunblaðinu þann: .....

Fyrirsögn	180
	360
	540
	720
	900
	1080
	1260

Hver lína kostar kr. 180 Meðfylgjandi er greiðsla kr. .....

NAFN: .....

HEIMILI: ..... SÍMI: .....

Athugið
Skrifið með prentstöfum og setjið aðeins 1 staf í hvern reit. Áríðandi er að nafn, heimili og sími fylgi.

TIL LEIGU .....
ÓSKUM AÐ TAKA Á LEIGU 2JA-3JA HERB. ÍBÚÐ Í GAMLA MIÐ-BÆNUM. ERUM ÞRÍT. Í HEIMILI. UPPLÝSINGAR Í SÍMA 96006.

Auglýsingunni er veitt móttaka á eftirtöldum stöðum:

REYKJAVÍK:
KJÖTMIÐSTÖÐIN, Laugalæk 2,
SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS Háaleitisbraut 68,
KJÖTBÚÐ SUÐURVERS, Stigahlíð 45—47,
HÓLAGARÐUR, Lóuhólum 2—6
SLÁTURFÉLAG SUÐURLANDS Álfheimum 74,
ÁRBÆJARKJÖR, Rofabæ 9,

HAFNARFJÖRÐUR:
LJÓSMYNDA- OG GJAFAVÖRUR Reykjavíkurvegi 64,
VERZLUN ÞÓRÐAR ÞÓRÐARSONAR, Suðurgötu 36,

KÓPAVOGUR
ÁSGEIRSBÚÐ, Hjallabrekku 2
BORGARBÚÐIN, Hófgerði 30

Eða senda í pósti ásamt greiðslu til Smáauglýsingadeildar Morgunblaðsins, Aðalstræti 6, Reykjavík.

Íslenzk grafik

BLAÐINU hefur borizt eftirfarandi athugasemd frá sýningarnefnd Yfirlitssýningarinnar á íslenzkri grafík:

Vegna blaðaskrifa undanfarið um Yfirlitssýninguna á íslenskri grafík að Kjarvalsstöðum vill sýningarnefnd sýningarinnar koma eftirfarandi á framfæri:

1.

Vegna yfirlýsingar Kristins Péturssonar listmálara, sem birst hefur í fjölmiðlum, þá viljum við taka fram að okkur var kunnugt um fjölmörg önnur grafísk verk, auk þeirra, sem valin voru á sýninguna eftir Kristin, en töldum þau ekki eiga erindi á þessa sýningu.

2.

Varðandi hlutfallið milli eldri og yngri manna á sýningunni, var markmiðið að gefa sýnishorn af því nýjasta í grafík, og var öllum félagsmönnum í félaginu íslenzk grafík gefinn kostur á að taka þátt í sýningunni. Boðsbréf þess efnis var sent til allra félagsmanna í maí s.l.

3.

Í hugleiðingum um sýninguna, sem Bragi Ásgeirsson birti í Morgunblaðinu 17. júní s.l., segir: „Auk þess sem sýningin gefur ekki alls kostar rétta mynd af framlagi margra hinna eldri, þá vantar ýmis nöfn með öllu .t.d. Höskuld Björnsson o.fl.“

Satt að segja væri ánægjulegt ef Bragi Ásgeirsson upplýsti hver þau eru, þessi „ýmsu nöfn“ og „o.fl.“, af eldri mönnum, sem sýningarnefnd á að hafa gleymt við samsetningu sýningarinnar.

Fullyrðingar Braga eru einnig kyndugar í ljósi þess að hann var ráðunautur sýningarnefndarinnar — og gaf ýmsar góðar ábendingar — honum var því í lófa lagið að koma áðurnefndum upplýsingum á framfæri, þegar unnið var að sýningunni. Leitt er, að hann skuli ekki hafa komið þessum upplýsingum á framfæri í tæka tíð.

Bragi finnur einnig þann ágalla við sýninguna að það vanti margar af hans bestu tréristum, málmætingum og steinþrykkjum. Þar sem eðlilegt er að hverjum þyki sinn fugl fagur, þá kemur þessi vöntun á áðurnefndum verkum að dómi Braga m.a. í veg fyrir að kalla megi sýninguna yfirlitssýningu, hún er fremur undirbúningur að annarri og réttari sýningu, þar sem hlutur hans sjálfs verði vonandi bættur. Það er því skylt að það komi fram að Bragi bar einn fullkomlega ábyrgð á sínu framlegi til sýningarinnar, en hann átti þar 16 verk. Af einstökum listamönnum, sem kynntir voru á sýningunni, var því þáttur hans einn sá veigamesti. Ef Bragi er ósáttur við þetta framlag sitt hefur hann við engan að sakast í þeim efnum nema sjálfan sig, þar sem hann ber einn ábyrgð á eigin framlagi og var kunnugt um að sýningin væri fyrirhuguð frá því um vorið 1975, og hefur hann því haft nægan tíma til undirbúnings.

ATHUGASEMD vegna skrifa um Yfirlitssýninguna

4.

Við teljum að í þeim blaðaskrifum sem verið hafa um sýninguna undanfarið hafi ekkert það komið fram sem hnikar markmiði sýningarinnar, en það var skilgreint í sýningarskrá á þá lund „að gera úttekt á því besta sem gert hefur verið í grafík undanfarna áratugi“.

Sýningarnefnd Yfirlitssýningar á íslenskri grafík: Jón Reykdal, Ólafur Kvaran, Richard Valtingojer Jóhannsson, Þórður Hall.

Guðgeir Jónsson, bókbindari:

Í tilefni af Rabbgrein

Í Lesbók Morgunblaðsins 20. tbl. 29. maí sl. er rabbgrein um áfengisvandamálið.

Í grein þessari er, að mínu áliti, borið verðugt lof á starf AA-samtakanna við að reyna að hjálpa ofdrykkjumönnum í viðleitni þeirra til að komast aftur á réttan kjöl.

Aftur á móti skil ég ekki að greinarhöfundur hafi nauðsynlega þurft að lítilsvirða Góðtemplararegluna í þessu sambandi. Það er áreiðanlegt að Góðtemplararegluna hefur átt mikinn þátt, og á enn, í því að draga úr áfengisnautn þjóðarinnar.

Reglan starfar jöfnum höndum að því að reyna að hafa þau áhrif á drykkjumenn að þeir gerist bindindismenn og jafnframt reynir hún að hafa þau áhrif á unga menn, pilta og stúlkur að þau byrji ekki að neyta áfengis.

Það getur vel verið að hóflega drukkið vín gleðji mannsins hjarta. — En ætli að sú gleði verði ekki æði oft skammvinn. Hófsemin nokkuð óákveðin og ekki mun sami skammtur hæfa öllum.

Mig langar til að minna á eftirfarandi viðvörun, sem lesa má í Biblíunni: „Horf þú ekki á vínið, hve rautt það er, hversu það glóir í bikarnum og rennur ljúflega niður.

Að síðustu bítur það sem höggormur og spýtir eitri sem naðra“. (Orðskv. 23. 31)

Góðtemplararegluan hefir frá öndverðu haldið því fram, að algert áfengisbindindi væri eina örugga vörnin gegn því að verða ofdrykkjumaður. Þessa kenningu virðast vísindalegar kannarnir hafa sannað. Við þessar kannanir hefir komið í ljós, að sem svarar tíundi hver áfengisneytandi verður ofdrykkjumaður.

Fyrir nokkru var frá því sagt í blöðum og útvarpi, að lítil telpa hefði farið ein síns liðs út á hafnarbakka og fallið fram af í sjóinn. Maður var þar á báti nálægt, hann stakk sér í sjóinn og bjargaði telpunni.

Ef einhver maður hefði verið á hafnarbakkanum, séð telpuna, skynjað hættuna, gengið til telpunnar og leitt hana brott frá hættunni, þá hefði það ekki þótt frásagnarvert, þó einhverjir hefðu um það vitað, enda ekki unnt að fullyrða fyrirfram að telpan hlyti að detta í sjóinn ef hún væri látin afskiptalaus.

Það eru þannig slysavarnir sem fáir vita um og ekki verða sannaðar.

Svipað er að segja um mann, sem byrjar að neyta áfengis, það er ekki hægt að fullyrða hvort hann verður ofdrykkjumaður eða ekki.

Ef slys er orðið er oftast hægt að gera tilraun til björgunar og sem betur fer oft með góðum árangri.

Mér finnst að við, sem teljum

Framhald á bls. 21